

Fundur stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings haldinn að Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi 23. janúar 2025, kl. 10:00

Mættir eru:

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps, formaður
Árni Eiríksson, oddviti Flóahrepps
Jón Bjarnason, oddviti Hrunamannahrepps
Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsness- og Grafningshrepps
Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri í Bláskógabyggð
Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar
Sylvía Karen Heimisdóttir, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Fjóla St. Kristinsdóttir verðandi sveitarstjóri í Grímsnes- og Grafningshreppi sat sem áheyrnarfulltrúi.

Undir lið 1 sat Gunnar Gíslason frá Miðstöð skólaþróunar við HA í fjarfundi.

Undir liðum 3 og 4 sátu deildarstjórar skóla- og velferðarþjónustu þær Anný Ingimarsdóttir og Gunnlaug Hartmannsdóttir.

Fundargerðina ritaði Hulda Kristjánsdóttir, formaður.

Formaður, Hulda Kristjánsdóttir, setti fund og stjórnaði.

Hér var gengið til dagskrár:

1. Fyrirhuguð úttekt á starfsemi Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings

Líkt og bókað var um á síðasta fundi stjórnar dags. 17.12.2024 þá samþykkti stjórn að fela formanni að leita eftir fagaðila til að gera úttekt á starfsemi SVÁ, nú þegar tvö ár eru liðin frá stofnun þjónustunnar. Fulltrúi frá Miðstöð skólaþróunar við HA kom inn á fundinn. Rætt var um aðdraganda að breytingum Skóla- og velferðarþjónustunnar sem tóku gildi 1. mars 2023 og helstu vinnu sem fór fram við þann undirbúning ásamt væntingum stjórnar til starfseminnar.

Stjórn samþykkir samhljóða að fela formanni að senda gögn á fulltrúa Miðstöðvar skólaþróunar við HA. Um er að ræða þau gögn sem unnin voru við undirbúning breytinga á SVÁ, niðurstöður úr vinnustofum ásamt öðrum gögnum sem gætu nýst fyrir úttektaraðila. Í kjölfarið setji MSHA upp tíma- og kostnaðaráætlun vegna úttektar og sendi á formann stjórnar. Stefnt verði á að úttekt verði lokið fyrir lok mars 2025.

2. Húsnæðismál Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings

Á fundi stjórnar dags. 22.10.2024 var formanni falið að ræða við Framkvæmdasýsluna um möguleikann á áframhaldandi leigu í Laugarási í núverandi húsnæði

heilsugæslunnar. Fyrir fundi liggja tölvupóstsamskipti formanns við starfsmenn Framkvæmdasýslunnar.

Stjórn áréttar að samkvæmt gildandi leigusamningum vegna húsnæðis í Launrétt 2 og Launrétt 4 er uppsagnarfrestur 6 mánuðir og skal uppsögn vera skrifleg og miðast við mánaðamót. Hvorugum leigusamningi hefur verið sagt upp.

Stjórn er sammála um að staðan á húsnæðismálum verði tekin út frá niðurstöðum fyrirhugaðrar úttektar með vori 2025 eða ef formleg uppsögn á leigusamningum berst frá Framkvæmdasýslunni. Fram að því eru húsnæðismál þjónustunnar óbreytt.

3. Vegna undanþágu frá lágmarksíbúafjölda barnaverndarþjónustu

Deildarstjórar skóla- og velferðarþjónustu komu inn á fundinn.

Deildarstjóri velferðarþjónustu fór yfir svar Mennta- og barnamálaráðuneytisins dags.

15.01.2025 vegna undanþágu frá skilyrði um lágmarksíbúafjölda vegna

barnaverndarþjónustu. Ráðuneytið synjar ósk um undanþágu en samþykkir að framlengja frest um undanþágu til 15. mars 2025.

Stjórn samþykkir samhljóða að fela deildarstjóra velferðarþjónustu, í samráði við formann stjórnar, að hefja samtal við Hveragerðisbæ og Sveitarfélagið Ölfus um formlegt samstarf um stærra umdæmi barnaverndarþjónustu.

4. Önnur mál

Deildarstjórar skóla- og velferðarþjónustu fóru yfir ýmis málefni þjónustunnar.

Auglýsing vegna félagsráðgjafa hefur verið í birtingu en ekki gengið enn að ráða

menntaðan félagsráðgjafa. Deildarstjórar eru að vinna að greiningu á núverandi

mannauði innan þjónustunnar og hvort horfa skuli á hlutverk og verkefni starfsmanna á annan hátt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:30